

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árnesi
804 Selfossi

Stöðufelli, dagur mars 2023

Efni: Áskorun vegna umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun

Vísað er til umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi vegna byggingar Hvammsvirkjunar, dags. 14. desember 2022. Veiðifélag Þjórsár hefur verulegar áhyggjur af áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki Þjórsár og telur að málsmeðferð stjórnvalda vegna virkjunarinnar hafi verið haldin verulegum annmörkum. Vegna þessa vill Veiðifélag Þjórsár, kt. 621209-1590, Stöðufelli, 804 Selfossi, benda á eftirfarandi:

Þann 6. desember 2022 gaf Orkustofnun út virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun í Þjórsá. Sú ákvörðun hefur neikvæð áhrif á stjórnarskrárvarin réttindi félagsmanna Veiðifélags Þjórsár sem veiðifélaginu er skylt að vernda. Eins og nánar verður rakið hér á eftir hefur Veiðifélag Þjórsár, ásamt fjölmörgum öðrum hagsmunaaðilum, kært þessa ákvörðun Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og eru málin nú til meðferðar fyrir nefndinni. Að mati Veiðifélags Þjórsár er rétt að fresta meðferð umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni, enda ríkir veruleg óvissa um hvort ákvörðun Orkustofnunar muni halda gildi sínu.

Veiðifélag Þjórsár telur að ákvörðun Orkustofnunar og málsmeðferð í aðdraganda hennar hafi verið haldin verulegum annmörkum, jafnt að formi til sem efni, sem leiða eigi til ógildingar hennar. Ljóst er að þessi ákvörðun mun hafa veruleg og óafturkræf áhrif á hagsmuni veiðifélagsins og félagsmanna þess. Þrátt fyrir það veitti Orkustofnun veiðifélaginu engin tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum við meðferð stjórnsýslumálsins. Í raun virðist sem Orkustofnun hafi markvisst ákveðið að sniðganga veiðifélagið, enda ljóst að stofnunin var að fullu meðvituð um þær áhyggjur og athugasemdir sem veiðifélagið hefur gert við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir.

Veiðifélagið telur jafnframt að Orkustofnun hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við meðferð málsins. Þannig gerði stofnunin engan reka að því að upplýsa um mikilvæg atriði er tengjast lífríki Þjórsár, þeirra ýmist ekki getið eða jafnvel berum orðum skírskotað til þess að óvissa ríki um mikilvæg atriði. Er þessi óvissa sérstaklega bagaleg þar sem það mat á umhverfisáhrifum á lífríki, sem leyfisveitingin grundvallast á, er að finna í matsskýrslu frá árinu 2003 en uppfært mat frá 2018 tók ekki til umræddra þátta. Vegna aldurs þeirra rannsókna hefði verið sérstaklega ríkt tilefni til að sjá til þess að óvissuþættir viðvíkjandi framkvæmdinni yrðu upplýstir. Veiðifélagið telur óviðunandi að Landsvirkjun njóti vafans sem stafar frá ónógri rannsókn hennar og stjórnvalda á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á lífríki Þjórsár þegar mikilsverðir hagsmunir umhverfisins eru undir. Slík

tilraunastarfsemi með mikilvæga fiskistofna, sem getur valdið óafturkræfum skaða, sé andstæð rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga og meginreglum umhverfisréttar og eigi því að leiða til ógildingar ákvörðunar um veitingu virkjunarleyfis.

Nú þegar sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps er að fara yfir umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun, telur stjórn Veiðifélags Þjórsár ástæðu til að vekja athygli sveitarstjórnar á stöðu þeirri sem uppi er. Sveitarstjórn getur, sé vilji til staðar að skoða afstöðu Veiðifélags Þjórsár, með fullum rétti kallað til sérfræðinga til að fara yfir einstaka þætti á kostnað umsækjanda, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi, og skipulagslaga nr. 123/2010.

Veiðifélag Þjórsár vill benda á að í 2. gr. framangreindrar reglugerðar um framkvæmdaleyfi er kveðið á um að markmið hennar séu meðal annars að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarminja og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að tryggja faglegan undirbúning við útgáfu framkvæmdaleyfa og að leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við mat á umhverfisáhrifum. Þá er henni ætlað að tryggja að virkt eftirlit sé með því að framkvæmdir séu ekki hafnar án leyfis og að þær séu í samræmi við útgefin leyfi.

Með þessi markmið að leiðarljósi er síðan kveðið á um það í 10. gr. reglugerðarinnar að leyfisveitandi (sveitastjórn) skuli, áður en umsókn um framkvæmdaleyfi er afgreidd, meta hvort framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt, hönnunargögn séu fullnægjandi og framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og einnig mat á umhverfisáhrifum. Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaaðila um framkvæmdina. Tryggja skal að fullt samræmi sé á milli þeirrar framkvæmdar sem lýst er í matsskýrslu og umsóknar um framkvæmdaleyfi, ásamt þeim gögnum sem lögð eru fram með henni.

Veiðifélag Þjórsár bendir sérstaklega á að leyfisveitandi getur bundið framkvæmdaleyfi skilyrðum, þ.m.t. um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, vöktun og öryggisráðstafanir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og náttúruyfyrirbæri, sbr. 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 og IV. kafla skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er heimilt að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum sem koma fram í álit eða ákvörðunum Skipulagsstofnunar eða umsögnum umsagnaraðila vegna málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Sérstaklega er kveðið á um það í ákvæðinu að þau skilyrði sem sett eru í framkvæmdaleyfi skuli miða að því að ná fram markmiði reglugerðarinnar um skynsamlega og hagkvæma nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarminja og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu.

Ákveði sveitastjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun er því mikilvægt að leyfið verði bundið skilyrðum um að allar nauðsynlegar rannsóknir á áhrifum á lífríki Þjórsár hafi farið fram og að mótvægisáðgerðir, sem studdar eru vísindalegum rannsóknum á Þjórsá, liggi fyrir með skýrum hætti. Jafnframt þurfa að liggja fyrir skýr skilyrði um vöktun áhrifa á lífríkis, viðbragðsáætlanir og öryggisráðstafanir. Veiðifélagið bendir á að mikilvægt sé að tryggja að framkvæmdir við virkjunina hefjist ekki fyrr en sveitastjórn hefur staðfest að slíkum skilyrðum hafi verið fullnægt.

Veiðifélag Þjórsár áréttar að félagið hefur beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu þar sem hin fyrirhugaða virkjun mun hafa neikvæð áhrif á lífríki og fiskistofna í Þjórsá og hliðarám. Eins og áður segir er Veiðifélag Þjórsár lögbundið veiðifélag sem samanstendur af veiðiréttthöfum í Þjórsá og hliðarám, sbr. VI. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Samkvæmt ákvæðum laganna er hlutverk félagsins meðal annars að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna á vatnasvæði Þjórsár og sjá til þess að reglum laganna og samþykktum veiðifélagsins sé framfylgt á félagssvæði veiðifélagsins. Veiðifélagi Þjórsár ber einkum að tryggja að við áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sé faglega staðið að rannsóknum á ánni, lífríki hennar og afkomumöguleikum fiska.

Veiðiréttindi félagsmanna eru jafnframt eignarréttindi sem njóta verndar 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ljóst er að hin fyrirhugaða virkjun mun hafa neikvæð áhrif á fiskistofna í Þjórsá og því hefur stjórn Veiðifélags Þjórsár ákveðið að senda sveitarstjórn erindi þetta í þeim tilgangi að upplýsa sveitarstjórn um stöðu mála. Kallað er eftir því að sveitarstjórn láti taka neðan greind atriðið til athugunar. Til að tryggja vandaða vinnu er einnig skorað á sveitastjórn að leita ráðgjafar aðila sem eru ótengdir Landsvirkjun og hafa ekki nú þegar unnið að undirbúningi Hvammsvirkjunar.

Almennt um athugasemdir Veiðifélags Þjórsár

Síðastliðin 12 ár hefur Veiðifélag Þjórsár vakið athygli opinberra aðila eins og stjórnar 3. áfanga rammaáætlunar, nefndarsviða Alþingis, Skipulagsstofnunar, sveitarstjórna o.fl á stöðu mála er snúa að lífríki Þjórsár og þeirrar hættu sem stafar af framkvæmdum sé ekki vandað til undirbúnings.

Veiðifélag Þjórsár hefur öll þessi ár bent á að við undirbúning Hvammsvirkjunar hafi skort verulega á þekkingu varðandi eftirfarandi málaflokka:

1. Áhrif botnfalls í lónum á seiði og fæðu þeirra.
2. Áhrif uppdælingar botnfalls úr lónum á allan fisk og annað lífríki.
3. Hvernig fiski verður tryggð gönguleið í lóni og vatnslitlum farvegi með áður óþekktum rennslissveiflum.
4. Áhrif rennslisbreytinga í farvegi neðan stíflu að útrás á klak, uppeldi seiða og fiskgöngur.
5. Hvernig tryggt verður að lágmarksrennsli í farvegi fari ekki niður fyrir þau mörk sem sannanlega eru fullnægjandi.
6. Mótvægisáðgerðir/viðbragðsáætlanir komi til þess að bregðast þurfi við óvæntum uppákomum. Virkni seiðaveitna.

Þá er augljóst að fullgerð áætlun um viðbrögð við óvæntum uppákomum er ekki til.

Það er skoðun Veiðifélags Þjórsár að verulegur vafi sé uppi varðandi ofangreind atriði, auk þess sem framkvæmdaaðili hefur sett fram hugmyndir að lausnum sem ekki eru studdar vísindalegri þekkingu varðandi seiðaveitur og afkomumöguleika lax og sjóbirtings með tilkomu virkjunar. Afföll vegna tafinna og falinna orsaka eru hugsanlega vanmetin.

Óvissa er um virkni mótvægisáðgerða og viðbragðsáætlana með tilkomu virkjunar. Svo virðist sem óljósar mótvægisáðgerðir framkvæmdaaðila eigi almennt að vega upp þau vandamál sem kunna að

skapast, óháð og óskilgreint hver þau kunna að verða. Ekki hefur verið skilgreint að fullu hver vandamálin geta orðið á framkvæmdatíma né rekstrartíma Hvammsvirkjunnar. Fyrirbyggjandi aðgerðir og skilgreindar mótvægisáðgerðir með ætlaðri virkni þeirra í hverju tilfelli hafa ekki verið lagðar fram.

Nauðsynlegt er að umsjón og eftirlit með breyttum lífsskilyrðum fiska og fæðutegunda þeirra af völdum mannvirkja og mótvægisáðgerða, sé í höndum óháðra aðila sem valdir eru af hagsmunaaðilum sameiginlega, áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út. Veiðifélag Þjórsár er sá aðili sem fer með helstu hagsmuni landeigenda varðandi þá auðlind sem lífríki árinna er.

Telji sveitarstjórn ekki ástæðu til að fá óháða aðila til að yfirfara athugasemdir Veiðfélags Þjórsár verður að telja að þar á bæ búi menn yfir öruggri vissu um að ekki stafi hættu að lífríki árinna. Það stangast hins vegar á við fjölmargar yfirlýsingar í gögnum þessa máls, meðal annars;

- Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar með umsókn Landsvirkjunar-dags.umsagnar 3.des.2021
- Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum – dags.úrskurðar 19.ágúst 2003
- Í leyfi Fiskistofu vegna byggingar Hvammsvirkjunar – dags.leyfis 14.júlí 2022

Um úrskurð Skipulagsstofnunar

Með úrskurði, dags. 19. ágúst 2003, féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í tveimur þrepum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þ.m.t. eftirfarandi skilyrði:

„4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknunum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjananna hefst. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þarf að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.“

Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra, en með úrskurði ráðherra, dags 27. apríl 2004, var úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur hvað þetta varðar.

Í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar, sem vísað er til í ofangreindu skilyrði, kemur fram að virkjanir í Þjórsá muni hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna og að minnka meggi áhrif verulega með mótvægisáðgerðum. Í því sambandi voru lagðar til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Stýra rennsli í farvegum með skertu rennsli og forðast snöggar rennslisbreytingar.
- Lagfæra farvegi og gera búsvæði á ákveðnum köflum og í sérstökum hliðarlænum.
- Byggja fiskvegi framhjá stíflumannvirkjum.
- Veita seiðum og fiski í sjógöngu framhjá virkjunum og stíflumannvirkjum.
- Sleppa seiðum á heppileg svæði.

- Opna upp ný svæði fyrir göngufisk.
- Hanna mannvirki og túrbínur þannig að ekki verði um ofauðgun lofts eða fiskdauða að ræða.

Veiðimálastofnun tók einnig fram að þörf væri á frekari rannsóknum og lagði til eftirfarandi viðbótarrannsóknir á áhrifum á lífríki Þjórsár:

- Meta þurfi seiðaveitur og væntanlegan árangur slíkra mannvirkja. Gera þurfi verkfræðilegar útfærslur á þeim aðgerðum sem helst komi til greina og meta út frá straumfræði og fiskatferli.
- Kanna þurfi gönguhegðun og finna göngutíma laxaseiða til sjávar í Þjórsá svo unnt sé að tímastilla og hagræða aðferðum til að veita seiðum niður framhjá virkjunum.
- Kanna þurfi mun betur göngur sjóbirtingsseiða og stálpaðs sjóbirtings á leið til sjávar. Einnig séu takmarkaðar upplýsingar um stærð og útbreiðslu sjóbirtings á vatnakerfinu sem bæta þyrfti.
- Kanna þurfi gönguhegðun laxfiska á leið upp Þjórsá með rafeindamerkingum.

Einnig kemur fram að komi til framkvæmda sé nauðsynlegt að hefja vöktunarrannsóknir á áhrifum á vatnalífríki. Þessar rannsóknir miði einkum að því að nema breytingar vegna myndunar lóna og breyttra rennslishátta og meta árangur mótvægisáðgerða. Í því skyni voru lagðar til eftirfarandi vöktunarrannsóknir:

- Seiðarannsóknir með skipulögðum mælingum í vatnakerfinu með rafveiðum. Leggja þurfi áherslu á að meta seiðabúskap m.t.t. áhrifa virkjana og árangur mótvægisáðgerða.
- Kanna þurfi fiskgöngur upp og niður Þjórsá. Koma megi teljurum fyrir í fiskvegum og merkja fisk á uppgöngu með eltimekjum og fylgjast þannig með göngum upp ána í þeim tilgangi að meta árangur mótvægisáðgerða. Göngum niður ána sé hægt að fylgjast með í gildrum og seiðaveitum síðar meir.
- Kanna þurfi áhrif framkvæmda á botndýrasamfélög Þjórsár. Fyrirliggjandi gögn séu byggð á sýnatöku af steinum og sé lagt til að slíkri sýnatöku yrði fram haldið.
- Kanna þurfi áhrif breyttra rennslishátta og aukins dýpis í lónum á fjölda og tegundasamsetningu botndýra með löndum en jafnframt þar sem gæti aukins flutnings botnefna.
- Æskilegt sé að fylgst verði með áhrifum miðlunar vatns á botndýrasamfélög neðan Búðafoss svo hægt verði að meta gæði svæðisins með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxfiska.
- Samhliða vöktunarrannsóknum þurfi að koma upp áætlun sem geri það mögulegt að grípa til neyðaraðgerða ef mótvægisáðgerðir, s.s. seiðaveitur, fiskstigar o.fl. virka ekki eins og til sé ætlast.

Veiðifélag Þjórsár telur að framangreindar skyldum framkvæmdaáðila til viðbótarrannsókna á lífríki Þjórsár, til útfærslu og framkvæmdar mótvægisáðgerða og til vöktunarrannsókna hafi aldrei verið fullnægt.

Um leyfi Fiskistofu

Þann 14. júlí 2022 ákvað Fiskistofa að heimila, fyrir sitt leyti, framkvæmdir við fyrirhugaða Hvammsvirkjun og byggingu mannvirkja henni tengdri að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Meðal þessara skilyrða voru að leyfi vegna byggingar fiskvegjar yrði frágengið áður en framkvæmdir myndu hefjast; að áætlanir um vöktun á virkni fiskvegsins, vöktun á virkni seiðafleytu, viðbótarrannsóknir á seiðabúskap og rannsóknir á botndýrasamfélögum í Þjórsá yrðu kynntar fyrir Veiðifélagi Þjórsár áður en framkvæmdir myndu hefjast; að Landsvirkjun skyldi gera áætlun sem gerði það mögulegt að grípa til neyðaraðgerða ef mótvægisaðgerðir myndu ekki virka eins og til er ætlast; að meta skyldi, þegar mannvirki Hvammsvirkjunar hefðu verið byggð, hvort lagfæra mætti farveg þannig að búsvæði og gönguleiðir laxfiska skertust sem minnst á árkafla sem kæmi til með að hafa skert rennsli; og að hugmyndir og áform um lagfæringar farvegjar skyldu kynntar Veiðifélagi Þjórsár.

Veiðifélag Þjórsár telur að ekkert framangreindra skilyrða hafi verið uppfyllt og leggur félagið sérstaka áherslu á að sveitastjórn gangi úr skugga um að öll skilyrði leyfis Fiskistofu hafi verið uppfyllt með fullnægjandi hætti áður en framkvæmdaleyfi verður veitt, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi.

Í ákvörðun Fiskistofu um leyfisveitinguna var jafnframt sérstaklega tekið fram að leyfið snúi ekki að þáttum sem varða rekstur virkjunarinnar, s.s. heimildum eða takmörkunum vegna stýringar á rennsli né heldur heimildum eða takmörkunum vegna dælingar á seti úr Hagalóni. Fiskistofa tók jafnframt fram að búast mætti við því að Orkustofnun myndi setja skilyrði um þessa þætti í hugsanlegt virkjunarleyfi sem meðal annars tækju mið af hugsanlegum áhrifum þeirra á lífríkið í Þjórsá.

Um virkjunarleyfi Orkustofnunar og nánari lýsing á athugasemdum Veiðifélags Þjórsár

Eins og áður segir veitti Fiskistofa Landsvirkjun framkvæmdaleyfi fyrir sitt leyti þann 14. júlí 2022. Af því tilefni sendi Veiðifélag Þjórsár bréf til Orkustofnunar í september 2022 þar sem vakin var athygli á þeim atriðum sem veiðifélagið taldi Orkustofnun sérstaklega þurfa að huga að í sinni málsmeðferð í ljósi ákvörðunar Fiskistofu. Engin viðbrögð bárust hins vegar frá Orkustofnun.

Þann 6. desember 2022 veitti Orkustofnun síðan Landsvirkjun virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar. Eins og áður segir gaf Orkustofnun veiðifélaginu engin tækifæri til að koma að athugasemdum eða andmælum áður en ákvörðunin var tekin. Í ákvörðun Orkustofnunar var heldur ekki minnst einu orði á sjónarmið veiðifélagsins auk þess sem ljóst er að ekkert tillit hefur verið tekið til þeirra við rannsókn málsins.

Eins og nánar verður rakið hér á eftir telur veiðifélagið að rannsókn Orkustofnunar á því hvort Landsvirkjun hafi uppfyllt framangreind skilyrði í úrskurðum ráðherra og Skipulagsstofnunar, og þar með á því hvort áskilnaði lagagrundvallar leyfisveitingarinnar hafi verið mætt, hafi verið ófullnægjandi. Eftirfarandi umfjöllun tekur mið af þeim athugasemdum sem veiðifélagið sendi Orkustofnun í september 2022 og þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram við meðferð kærumálsins fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

1. Um áhrif botnfalls í lónum á seiði og fæðu þeirra

Í ákvörðun Orkustofnunar um virkjunarleyfi var hvað áhrif botnfalls á seiði og fæðu þeirra varðar aðeins vísað til þess að Orkustofnun væri ekki fagstofnun á sviði lífríkis heldur lyti slíkt undir verksvið Fiskistofu, sem hefði þegar fjallað um málið. Veiðifélag Þjórsár vakti hins vegar athygli Orkustofnunar á því með bréfi í september 2022 að í svörum Landsvirkjunar við athugasemdum veiðifélagsins vegna þessa, svo og í ákvörðun Fiskistofu, hefði ekki verið fjallað um afleiðingar botnfalls á seiði yfirleitt en Fiskistofa vísaði aðeins til umsagnar Hafrannsóknastofnunar sem fjallaði heldur ekki um þessi áhrif.

Veiðifélagið vill benda á að seiði laxfiska, sem alast upp í straumvatni, nærast á botndýrum, þ.e. skordýralirfum og öðrum smádýrum. Fjöldi og þéttleiki botndýra í Þjórsá og þverám hennar er mikill, en það bendir til þess að fæðuskilyrði fyrir laxfiska í ánni séu góð. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og þveráa hennar voru tekin saman fæðugögn fyrir laxa- og urriðaseiði. Aðaluppistaðan í fæðu þeirra eru rykmýs-, bitmýs- og vorflugulirfur. Í skýrslunni er bent á að mörg mikilvæg fæðusvæði fyrir laxfiska séu í fyrirhuguðum lónstæðum sem og á þeim köflum árinna þar sem búast má við skertu rennsli í kjölfar framkvæmda. Aukið vatnsdýpi, tíðar rennslisbreytingar, þurrkar og flóð í árfarvegi eru allt þættir sem koma til með að hafa neikvæð áhrif á botndýrafánu árinna. Höfundar skýrslunnar kalla eftir frekari rannsóknum á áhrifum lónamyndunar og rennslisjöfnunar á tegundasamsetningu og þéttleika botndýra.

Í umsögn Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er ekki rökstutt hvernig rannsóknarskyldu á umfangi og áhrifum botnfalls í lónum á seiði og fæðu þeirra hefur verið fullnægt. Um þetta vísar Orkustofnun til 4. skilyrðis í leyfi Fiskistofu þar sem eingöngu er kveðið á um vöktun á seiðabúskap á vatnasviði Þjórsár og tekur því ekki á umræddu atriði. Auk þess hvílir sjálfstæð skylda Orkustofnunar að rannsaka þetta atriði eða í öllu falli ganga úr skugga um að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram.

Veiðifélagi Þjórsár er ekki kunnugt um að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram á þessum áhrifum og ekki verður séð af úrlausnum Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu eða Orkustofnunar að þær hafi verið gerðar.

2. Um áhrif dælingar botnfalls úr lónum á allan fisk og annað lífríki

Í ákvörðun Orkustofnunar um virkjunarleyfi var hvað áhrif dælingar botnfalls úr lónum á lífríki varðar aðeins vísað til þess að Orkustofnun væri ekki fagstofnun á sviði lífríkis heldur lyti slíkt undir verksvið Fiskistofu, sem hefði þegar fjallað um málið. Veiðifélag Þjórsár vakti athygli Orkustofnunar á því með bréfi í september 2022 að svör Landsvirkjunar við þessum atriðum, svo og úrlausn Fiskistofu þar um, hefði ekki fjallað um afleiðingar dælingar botnfalls á lífríki vatnshlòtsins yfirleitt en Fiskistofa vísaði aðeins til umsagnar Hafrannsóknastofnunar, sem fjallaði heldur ekki um þessi áhrif.

Veiðifélagið bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni leiða til þess að hrygningarsvæði fari undir lón og að það muni hafa neikvæð áhrif á hrogn og seiði. Það liggur fyrir að í straumlitlu lóni sest framburður eins og jökulleir og sandur, en hann kæfir hrogn og seiði ásamt því að eyða fæðu. Ekki liggur fyrir með hvaða aðferðum lónið verður hreinsað. Seti sem sest til í lóni þarf að koma burt. Verður ekki annað ráðið en að áhrif á fæðu- og hrygningarsvæði verði umtalsverð.

Mikil óvissa er uppi um raunverulegt umfang aurdælingar og hvort hægt sé að takmarka það með mótvægisáðgerðum. Landsvirkjun gerði enga tilraun til að eyða þeirri óvissu með svörum sínum og hefur þetta atriði ekki hlotið efnislega úrlausn af hálfu Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu eða Orkustofnunar.

Í umsögn Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er um þetta vísað til 5. skilyrðis í leyfi Fiskistofu um vöktun á áhrifum framkvæmda á botndýrasamfélög Þjórsár. Þá bendir Orkustofnun á 11. gr. í virkjunarleyfi Landsvirkjunar um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar aurbreinsunar.

Af umsögn Orkustofnunar verður ekki annað ráðið en að stofnunin sé meðvituð um að rannsóknir á dælingu botnfalls hafi ekki farið fram. Afstaða stofnunarinnar virðist því vera sú að heimilt sé að gefa út virkjunarleyfið, án fullnægjandi rannsókna, og setja þess í stað skilyrði um vöktun og að aurbreinsun verði tilkynnt áður en hún fer fram. Með öðrum orðum virðist vera lagt til grundvallar að virkjunin verði byggð, með óafturkræfum áhrifum, og síðan verði tekið á því ef áhrifin verða neikvæð. Veiðifélag Þjórsár telur að þessi niðurstaða sé efnislega röng. Þannig beri Orkustofnun að tryggja að fullnægjandi rannsóknir fari fram áður en virkjunarleyfi er veitt.

3. Um áhrif rennslisbreytinga í farvegi neðan stíflu að útrás á fiskgöngur

Í ákvörðun sinni um virkjunarleyfi vék Orkustofnun aðeins með almennum hætti að því að rennslisstjórnun í inntakslónið ofar á vatnasviðum Þjórsár og Tungnaár muni fara fram í gegnum virkjanir eða með hjáveitum með samrekstri við aðrar vatnsaflsvirkjanir.

Á þurru ári, sem reikna má með að verði annað hvert ár, má búast við að rennsli neðan lóns virkjunarinnar fari undir 20 m³/sek í allt að 5–6 mánuði af árinu. Þegar innrennsli í lónin eykst síðan aftur og þau fyllast skyndilega, sem gera má ráða fyrir að gerist oft á hverju ári, þá eykst rennslið um farveg árinna. Við þessar aðstæður getur rennslið aukist um 1000% og síðan sjatnað jafn skjótt aftur. Viðkvæm hrogn og seiði eiga ekki miklar lífslíkur við þessar aðstæður. Í öllu falli hefur óvissu um það ekki verið eytt.

Að beiðni verkefnisstjórnar 3. áfanga Rammaáætlunar unnu þeir Skúli Skúlason og Haraldur Rafn Ingason skýrslu þar sem mat var lagt á fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar. Skýrslan kom út í október 2013. Þar er lýst áhyggjum af litlu og óreglulegu flæði í árfarveginum neðan virkjanna. Þar er talið að flæðissveiflur geti hindrað för fiska upp og niður ána auk þess sem svæði til hrygningar og uppeldis seiða geti tapast.

Mikil óvissa ríkir því um áhrif rennslisbreytinga og virkni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða Landsvirkjunar.

4. Um tryggða gönguleið fisks í vatnslitlum farvegi með áður óþekktum rennslissveiflum

Landsvirkjun hefur haldið því fram að samanborið við farveg Elliðaár séu 10 m³/sek í Þjórsá nægjanlegt vatnsmagn. Orkustofnun virðist leggja þá tölu gagnrýnslaust til grundvallar í ákvörðun sinni um virkjunarleyfi. Veiðifélag Þjórsár bendir hins vegar á að meðalrennsli í Þjórsá sé um og yfir 300 m³/sek. Augljóst er að samanburður Landsvirkjunar við Elliðaár stenst enga skoðun og fjarstæðukennt að setja

fram sem vísindalega niðurstöðu. Að mati veiðifélagsins setja þessar fullyrðingar enn frekara spurningarmerki við niðurstöður Landsvirkjunar um vatnsmagn og rennslisbreytingar í ánni.

Mótvægisáðgerðir til að tryggja gönguleiðir virðast enn óútfærðar og umfang þeirra háð óvissu en í ákvörðun Orkustofnunar kemur berum orðum fram „að mynduð verði eftir atvikum skjólsvæði, rásir og hyljir í farveginum á þessum kafla til að tryggja að hann verði fær göngufiski“.

Í umsögn Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er hvað þetta varðar vísað til 1., 2. og 7. skilyrða í leyfi Fiskistofu og ber stofnunin fyrir sig að þessi liður eigi ekki undir valdsvið sitt. Það liggur því fyrir að Orkustofnun rannsakaði ekki þessi atriði við meðferð umsóknar Landsvirkjunar um virkjunarleyfi. Veiðifélag Þjórsár bendir hins vegar á að leyfi Fiskistofu snýr ekki að þáttum sem varða rekstur virkjunarinnar og áhrif hennar á lífríki í Þjórsá, þ.m.t. vegna rennslisveiflna. Þannig er sérstaklega tekið fram í ákvörðun Fiskistofu að atriði sem varða rekstur virkjunarinnar muni koma til skoðunar í tengslum við virkjunarleyfi Orkustofnunar. Af umsögn Orkustofnunar er ljóst að það var ekki gert.

5. *Hvernig tryggja megji að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir þau mörk sem sannanlega séu fullnægjandi*

Eins og áður segir hefur Landsvirkjun fullyrt að rennsli upp á 10 m³/sek nægji til þess að halda stórum hluta botnsins blautum. Veiðifélag Þjórsár áréttaði mikilvægi þess við Orkustofnun, með bréfi í september 2022, að kannað yrði hvort þessi kenning sé byggð á fullnægjandi rannsóknnum og heimildum um lágmarksrennsli og rennslisstýringu. Þrátt fyrir það var engin afstaða tekin til þess í ákvörðun Orkustofnunar hvort umrætt lágmarksrennsli dugi heldur er beinlínis tekið fram að „[e]kki hefur endanlega verið gengið frá hönnun vatnsrásar né er vitað hvort tilgreint vatnsmagn verði nægjanlegt“.

Í umsögn Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er hvað þetta varðar vísað til þess að ákvörðun hennar um lágmarksrennsli byggji á matsskýrslu frá árinu 2003, úrskurði Skipulagsstofnunar, umsókn Landsvirkjunar og leyfi Fiskistofu. Að mati Veiðifélags Þjórsár er hins vegar ekki hægt að sjá af þessum gögnum hvaða mörk eru fullnægjandi fyrir lágmarksrennsli, sem og hvernig tryggja megji að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir þau mörk.

6. *Um mótvægis- og viðbragðsáætlanir vegna óvæntra uppkoma*

Veiðifélag Þjórsár telur einnig að mat Landsvirkjunar á væntanlegum árangri mótvægisáðgerða, sem komið hafa fram við meðferð málsins, sé vægast sagt djarft og að mikill vafi sé á því hvort það sé raunhæft. Þannig má víða má finna stórar fullyrðingar Landsvirkjunar um ætlaðan árangur mótvægisáðgerða.

Veiðifélagið telur að þrátt fyrir félagið hafi áréttað það sérstaklega, í bréfi til Orkustofnunar í september 2022, að kannað yrði hvort áætlanir Landsvirkjunar væru byggðar á fullnægjandi rannsóknnum og heimildum um slíkar mótvægis- og viðbragðsáætlanir, hafi slíkri rannsókn ekki verið sinnt. Til marks um þetta skal bent á að í umfjöllun um seiðafleytu í ákvörðun Orkustofnunar, sem stendur til að verði meginmótvægisáðgerð Landsvirkjunar vegna áhrifa á lífríki, er komist svo að orði: „Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um vatnspörf og tímabil telur stofnunin ekki rétt að setja föst ákvæði þar

um í leyfi“. Telur veiðifélagið ótækt að virkni meginmótvægisáðgerðar vegna áhrifa á lífríki sé látin reka á reiðanum á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga um aðstæður þær sem henni er ætlað að starfa við.

Í umsögn Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vísar stofnunin til þess að tekið hafi verið á þessu atriði hvað varðar rekstur seiðafleytu. Af umsögninni verður hins vegar ráðið að gríðarleg óvissa ríkir um það hvort mótvægisáðgerðir og þær kröfur sem lagðar eru á Landsvirkjun muni skila árangri eða dugi til að tryggja lágmarks áhrif á lífríki Þjórsár.

Það er því ljóst að þrátt fyrir ábendingar Veiðifélags Þjórsár um að kanna þurfi hvort áætlanir Landsvirkjunar séu byggðar á fullnægjandi rannsóknum og heimildum um slíkar mótvægis- og viðbragðsáætlanir, hefur slík athugun hingað til verið látin liggja milli hluta.

Niðurlag

Af framangreindu er ljóst að Orkustofnun og önnur stjórnvöld hafa ekki rannsakað með fullnægjandi hætti mikilvæg atriði er tengjast áhrifum framkvæmda og rekstri Hvammsvirkjunar. Þannig má ráða af ákvörðun Orkustofnunar um að veita Landsvirkjun virkjunarleyfi og umsögn stofnunarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að Orkustofnun vissi vel af framangreindum óvissupáttum en kaus samt að rannsaka þá ekki. Þvert á móti taldi stofnunin ekki ástæðu til að staldra við þá þar sem Fiskistofa hefði fjallað um og metið áhrif framkvæmda og mótvægisáðgerða. Þá virðist Orkustofnun í sumum tilvikum hafa ákveðið að veita virkjunarleyfi þrátt fyrir óvissu með þeim fyrirvara að hlutunum yrði reddað ef þörf væri.

Veiðifélag Þjórsár byggir á því að þessi málsmeðferð brjóti gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga. Skal hér minnt á að þótt grundvöllur sé lagður að úrlausn máls með rannsókn annars stjórnvalds, en þess sem ákvörðun tekur í máli, afléttir það ekki ábyrgðinni af hinu bæra stjórnvaldi að ganga úr skugga um og sjá til þess að mál hafi verið nægilega rannsakað áður en það tekur ákvörðun í því. Veiðifélagið telur það óviðunandi að Landsvirkjun fái að njóti vafans sem stafar frá ónógri rannsókn hennar og stjórnvalda á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á lífríki Þjórsár þegar mikilsverðir hagsmunir umhverfisins eru undir. Slík tilraunastarfsemi með mikilvæga fiskistofna, sem getur valdið óafturkræfum skaða, er að mati veiðifélagsins andstæð rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga og meginreglum umhverfisréttar og eigi því að leiða til ógildingar ákvörðunar um veitingu virkjunarleyfis.

Það er því gríðarlega mikilvægt að sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps taki hlutverki sínu samkvæmt reglugerð nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi, alvarlega og tryggja skynsamlega nýtingu lands og landgæða, tryggi vernd landslags, náttúru og menningarminja og koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þannig skorar Veiðifélag Þjórsár á sveitastjórnina að fresta meðferð umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, enda ríkir veruleg óvissa um hvort ákvörðun Orkustofnunar um virkjunarleyfi muni halda gildi sínu. Jafnframt er skorað á sveitastjórnina að rannsaka, í samræmi við fyrirsmæli 10. gr. reglugerðarinnar, hvort framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt, hönnunargögn séu fullnægjandi og framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt að sveitastjórn meti hvort fullt samræmi sé á milli þeirrar framkvæmdar sem lýst er í matsskýrslu og umsóknar um framkvæmdaleyfi, ásamt þeim gögnum sem lögð eru fram með henni.

Ákveði sveitastjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun er skorað á sveitastjórn að binda það skilyrðum um að allar nauðsynlegar rannsóknir á áhrifum á lífríki Þjórsár hafi farið fram og að mótvægisáðgerðir, sem studdar séu vísindalegum rannsóknum á Þjórsá, liggi fyrir með skýrum hætti, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar. Veiðifélagið telur jafnframt mikilvægt að fyrir liggi skýr skilyrði um vöktun áhrifa á lífríki, viðbragðsáætlanir og öryggisráðstafanir. Veiðifélagið bendir á að mikilvægt sé að tryggja að framkvæmdir við virkjunina hefjist ekki fyrr en sveitastjórn hefur staðfest að slíkum skilyrðum sé fullnægt.

Veiðifélag Þjórsár áréttar að fram til þessa hefur fiskgengur hluti farvegs Þjórsár verið laus við áhrif af mannvirkjum á lífríki árinna og hliðaráa. Ákvörðun um að rjúfa núverandi náttúrulegt ástand er stór og þarfnast mun meiri og vandaðri undirbúnings en hingað til hefur átt sér stað.

Með von um góðar viðtökur erindis þessa og öflug viðbrögð.

Virðingarfyllt,

f.h. Veiðifélags Þjórsár

Oddur Guðni Bjarnason, formaður